

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *66. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 13. febrúar. 2014, kl 9:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Innkaupareglur
3. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2014
4. Fyrirtækjalisti v/sorpgjalda 2014
5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. jan.
6. Erindi frá HSP ósk um samning um framlag til reksturs félagsins árin 2014 og 2015
7. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. feb.
8. Erindi frá Almannavörnum Þingeyinga dags. 27. jan.
9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur
10. Gjaldskrár hitaveitu
11. Sveitafélagamörk
12. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 11. feb.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 11. des. s.l.

Fundargerð Fulltrúaráðs Eypings dags. 11. des. s.l.

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 4. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 12, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Innkaupareglur

Fyrir fundinum liggja uppfærðar innkaupareglur sbr. umræður á síðasta fundi. Þær má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

3. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2014

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu að fasteigna- og þjónustugjöldum fyrir árið 2014 ásamt afsláttarreglum.

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2014.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatmsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 15.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2014. Gjalddagi gjalda undir kr. 15.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2014, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.650.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.700.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.650.000- til kr. 3.040.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.700.000- til kr. 4.120.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 3.040.000- til kr. 3.540.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 4.120.000- til kr. 4.920.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2013 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir
Sorphirðugjald kr. 39.800,- á íbúð

B.) *Fyrirtæki.*
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr.	39.800,-
b) kr.	109.500,-
c) kr.	199.700,-
d) kr.	366.500,-
e) kr.	550.000,-
f) kr.	715.000,-
g) kr.	1.084.300,-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna útgjaldaársins 2014, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhnutanum vísað til síðari umræðu.

4. Fyrirtækjalisti v/sorpgjalda 2014

Lagður fram innheimtulisti vegna sorpgjalda á fyrirtæki. Um 10% hækkun er að ræða frá fyrra ári. Ljóst er að við núverandi aðstæður þá duga tekjur af sorphirðu ekki fyrir útgjöldum. Verið er að endurskoða fyrirkomulag sorphirðu í sveitarfélaginu, annars vegar hirðinguna sjálfa og hins vegar kostnað vegna hennar.

Fyrirtækjalistinn samþykktur samhljóða.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. jan.

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi í Reykjahlíð.

Tekið fyrir að nýju erindi frá 2. desember 2013 þar sem lögð var fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf. dags. 27. nóvember 2013. Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar varða þéttbýlisuppdrátt Reykjahlíðar. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi var auglýst og kynnt íbúum sveitarfélagsins og umsagnaraðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 18. desember til og með 8. janúar 2014.

Athugasemdir og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Kristínu Þuríði Sverrisdóttur, Jóni Illugasyni, Birki Fanndal, Sigfúsi Illugasyni og Minjastofnun Íslands.

Vegna þeirra athugasemda og umsagna sem borist hafa samþykkir skipulags- og umhverfisnefnd að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi tillögum að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi:

Reitur 123-M (þrjú íbúðarhús) í tillögu að breytingu á aðalskipulagi (E1 í tillögu að deiliskipulagi) verður felldur brott í ljósi þess að nú hafa verið skipulagðar nýjar

Íbúðahúsalóðir innan þéttbýlisins samkvæmt nýju deiliskipulagi sem hefur verið kynnt og vill nefndin beina nýframkvæmdum íbúða inn á það svæði.

- Reitur 125-V (4 smáhýsi) í tillögu að breytingu á aðalskipulagi (S2 í tillögu að deiliskipulagi) verður felldur brott vegna nálægðar við kirkjuhólinn/kirkjuna.
- Á reit S1 verði nýbygging ekki heimiluð, einungis verði heimilt að viðhalda og endurgera núverandi hús.
- Á reit F1 verði nýbygging ekki heimiluð, einungis verði heimilt að viðhalda og endurgera núverandi hús.
- Á reit 126-V (reit S11 í deiliskipulagi) verði einungis heimiluð bygging smáhýsa til fuglaskoðunar án snyrtiaðstöðu og fráveitu. Skal leitast við að hýsin falli vel inn í land og náttúru.
- Deiliskipulag á reit 113-M verði endurskoðað með tilliti til legu Sauðahellis, en upplýsingar þar að lútandi eiga að vera til í fórum landeigenda skv. framkomnum athugasemdum. Ef þær upplýsingar reynast ekki nægjanlegar mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að hellirinn verði mældur upp af kunnáttufólki og settur inn á kortagrunn en það er stefna nefndarinnar að vernda hellinn.
- Við hönnun deiliskipulagsins var hugað að legu Hvíthellis með tilliti til fyrirhugaðrar uppbyggingar norðan Hlíðavegar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að hellirinn verði mældur upp af kunnáttufólki og settur inn á kortagrunn en það er stefna nefndarinnar að vernda hellinn.

2. Stöng 1, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Stangar 1, sem skilgreint er sem **359-V** á Aðalskipulagi Skútstaðahrepps 2011-2023. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 6. desember til og með 17. janúar 2014. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum en umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna skv. ákvæðum 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem engar athugasemdir bárust við hinni auglýstu tillögu. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagstillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. fyrrnefndra laga mælir fyrir um.

3. Helgavogur, lóð nr. 1. Kynning á byggingaráformum.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 3. júlí 2013 frá Sigurði Jónasi Þorbergssyni, kt. 170849-3969, Baughúsum 12, 112 Reykjavík þar sem hann óskar eftir að kynna fyrir sveitarstjórn byggingaráform vegna fyrirhugaðs íbúðarhúss á lóð nr. 1 í Helgavogi. Þar sem um framkvæmdir nálægt vatninu gilda sér ákvæði þykir rétt að kynna fyrirhugaða byggingu fyrir sveitarstjórn og óska eftir afstöðu hennar til húsagerðarinnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísaði erindinu til umsagnar Umhverfisstofnunar 12. nóvember s.l. og barst eftirfarandi svar frá stofnuninni 17. desember. „Þar sem gert er ráð fyrir ofangreindri lóð í gildandi aðalskipulagi og hún var upphaflega staðfest með

úrskurði umhverfisráðuneytisins gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.“

Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar því fyrr bókun frá 15. ágúst 2013 og tekur jákvætt í byggingaráformin þar sem gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum við Hrutavogstanga (Helgavog) svæði **331-Íb.** í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og annað húsið er þegar byggt. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að leita meðmæla frá Skipulagsstofnun vegna umræddrar framkvæmdar, þegar nánari gögn frá umsækjanda liggja fyrir, eins og 1. töluliður ákvæða til bráðbirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 mælir fyrir um, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir.

4. Þjóðlenda í Ódáðahrauni. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).

Erindi dags 16. desember 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 dags 6. júní 2008, dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 65/2012, dags 20. september 2012 og landspildublað.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

5. Garður II. Deiliskipulag

Erindi dags 23. desember 2013 frá Kára Þorgrímssyni Garði II í Mývatnssveit þar sem hann óskar eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag á jörð sinni Garði II á svæði sem skilgreint er sem **373 A** í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af því svæði sem hann sækir um. Nefndin bendir þó á að skv. gr. 2.5 í skipulagsreglugerð nr.90/2013 skulu þeir sem falin er gerð skipulagsáætlana uppfylla ákveðnar hæfiskröfur.

Þá vill nefndin einnig ítreka ákvæði í gr.5.2.2. lýsing deiliskipulagsverkefnis, í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

6. Hringvegur um Jökulsá á Fjöllum. Deiliskipulag

Erindi dags. 3. janúar 2013 frá Helgu Aðalgeirsdóttur f.h. hönnunardeildar Vegagerðarinnar þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags vegna vinnubúða og athafnasvæðis framkvæmdaáðila við hringveg (1) um Jökulsá á Fjöllum. Fyrirhugaðar eru

framkvæmdir við byggingu nýrrar brúar á Hringvegi við Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og vegalagning beggja vegna hennar. Tvær námur, sín hvorum megin Jökulsár á Fjöllum, munu falla innan skipulagssvæðisins. Framkvæmdir er í Skútustaðahreppi og í Norðurþingi.

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af því svæði sem hann sækir um. Nefndin bendir þó á að skv. gr. 2.5 í skipulagsreglugerð nr.90/2013 skulu þeir sem falin er gerð skipulagsáætlana uppfylla ákveðnar hæfiskröfur:

Þá vill nefndin einnig ítreka ákvæði í gr.5.2.2. Lýsing deiliskipulagsverkefnis, í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

7. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf. f.h. landeigenda. Skipulags- og umhverfisnefnd telur að heppilegra hefði verið að færa þjónustumiðstöð fjær hverasvæðinu m.a. vegna hættu á að brennisteins- og hveragufur gætu valið tjóni á mannvirkjum og heilsu starfsfólks.

Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Vakin er athygli á því að að samhliða deiliskipulagi verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er varða nýtt ákvæði um verslunar og þjónustusvæði við Hveri.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinrar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún taki tillöguna til afgreiðslu og að umfjöllun lokinni verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

8. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi frá 11. nóvember 2013 þar sem skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er lýtur að leiðréttingum á texta og augljósum villum. Breytingin er gerð til þess að koma í veg fyrir að orðalag skipulagsákvæða komi í veg fyrir eðlilega þróun byggðar og valdi óeðlilegum tögum við afgreiðslu einfaldra og sjálfsagðra mála. Breytingin hefur að því leyti jákvæð áhrif á samfélagið en engin á

náttúrufar, þ.e. landslag, gróður og dýralíf. Jafnframt verði gerðar óverulegar leiðréttingar á texta.

Tillagan var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún taki tillöguna til afreiðslu og að umfjöllun lokinni verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

9. Vogafjós, Vogum 1, viðbygging. Niðurstaða úrskurðanefndar umhverfis og auðlindamála

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 8. október 2012 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f. h. Vogafjóss ehf. þar sem hún sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós, 8 m til vesturs skv. meðfylgjandi teikningum dags 9. október 2012 frá verkfræðistofunni Mannviti á Húsavík. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 15. október að grenndarkynna erindið og var það grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 30. október til og með 27. nóvember 2012. Athugasemdir við grenndarkynningunni bárust frá eftirtöldum aðilum: Hjördísi Sigríði Albertsdóttur, Jóhanni F. Kristjánssyni og Þórhalli Kristjánssyni.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar 10. janúar 2013 en sú ákvörðun var kærð af Hjördísi Albertsdóttur og Þórhalli Kristjánssyni til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og farið fram á ógildingu ákvörðunar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um að heimila viðbyggingu við Vogafjós á jörðinni Vogum 1 í Mývatnssveit.

Úrskurðanefnd umhverfis og auðlindamála hafnaði kröfu um ógildingu með úrskurði dags. 30. desember 2013.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.
Sveitarstjóri vék af fundi undir lið 7.

6. Erindi frá HSP ósk um samning um framlag til reksturs félagsins árin 2014 og 2015

Fyrir fundinum liggur ósk frá Elínu Harðardóttur framkvæmdastjóra HSP um samning á milli Héraðssambandsins og sveitarfélagsins um framlag til reksturs HSP árin 2014 og 2015. Framlagið næmi kr. 600 pr. íbúa í Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

7. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. feb.

Fundargerðin hefur ekki borist þrátt fyrir að eftir því hafi verið gengið. Sveitarstjórn lítur málið alvarlegum augum.

8. Erindi frá Almannavörnum Þingeyinga dags. 27. jan.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Friðriki Jónssyni framkv.stj. og Svavari Pálssyni sýslumanni f.h. Almannavarna Þingeyinga þar sem fjallað er um endurskoðun á samstarfssamningi um almannavarnir. Gildandi samningur er frá árinu 1999. Frá þeim tíma hafa orðið umtalsverðar breytingar á skipan sveitarfélaga á svæðinu auk breyttra ákvæða nýrra laga um almannavarnir nr. 82/2008.

Helsta breytingin er fólgin í breyttu hlutverki almannavarnarnefndarinnar sem stjórnarsýslunefndar þar sem skipulag og stefnumótun almannavarnamálefna er í fyrirrúmi í stað aðgerðastjórnunarhlutverks, sem nú tilheyrir sérstakri aðgerðarstjórn. Í fundargerð nefndarinnar frá 11. des. s.l. kemur fram að Friðrik hafi kynnt hugmynd að breytingum varðandi samsetningu nefndarinnar. Ekki eru fulltrúar allra sveitarfélaga í nefndinni og miðað við núverandi hlutverk nefndarinnar væri betra að hvert sveitarfélag ætti þar fulltrúa. Þá þarf að endurnýja samning um almannavarnir en hann hafi verið óbreyttur frá upphafi og taki ekki mið af nýjum lögum. Svavar telur að með setu sveitarstjóra í almannavarnanefndum verði kannski meiri áhugi á málaliðnum í sveitarstjórnunum. Óskað er eftir að sveitarfélagið taki erindið til afgreiðslu, jafnframt að tilnefndur verði fulltrúi sveitarfélagsins í nefnd af hálfu sveitarfélaganna um endurskoðun samstarfssamningsins.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að sveitarstjóri á hverju tíma sitji í almannavarnanefnd. Fulltrúi Skútustaðahrepps í nefnd um endurskoðun samstarfssamning um almannavarnir verður sveitarstjóri.

9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Þuríði Helgadóttur

Erindinu er frestað.

10. Gjaldskrár hitaveitu

Fyrir fundinum liggur tillaga að 5% hækkun á gjaldskrár Hitaveitu Reykjahlíðar og Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

Gjaldskránum vísað til síðari umræðu.

11. Sveitafélagamörk

Sveitarstjórn tekur fyrir erindi frá Ólafi H. Jónssyni fyrir hönd Landeigenda í Reykjahlíð vegna dóms Hæstaréttar 547/2012. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að ræða við oddvita Þingeyjarsveitar um málið.

12. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 11. feb.

1. Hringvegur um Jökulsá á Fjöllum. Deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 3. janúar 2013 frá Helgu Aðalgeirsdóttur f.h. hönnunardeildar Vegagerðarinnar þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags vegna vinnubúða og athafnasvæðis framkvæmdaaðila við hringveg (1) um Jökulsá á Fjöllum.

Skipulags og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 27. janúar s.l. að heimila umsækjanda að vinna deiliskipulag skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Innkomin ný gögn, deiliskipulagslýsing dags. 5. febrúar 2014 frá Helgu Aðalgeirsdóttur f.h. Vegagerðarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagslýsingin verði samþykkt og að hún feli skipulags og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Nefndin samþykkir einnig að haft verði samráð við Norðurþing vegna málsmeðferðar á deiliskipulaginu þar sem deiliskipulagssvæðið er á sveitarfélagamörkum og teygir sig inn í bæði sveitarfélögin.

2. Grímsstaðir. Breytingar á skipulagsákvæðum aðalskipulags vegna verslunar og þjónustusvæðis 363-V

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 19. desember 2012 frá Áslaugu Traustadóttur landslagsarkitekt hjá Landmótun, f.h. Islandia hótél ehf., kt. 581105-0610 þar sem óskað er eftir að skilmálum í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem þá voru til meðferðar verði breytt á eftirfarandi hátt:

Verslunar og þjónustusvæði Grímsstaðir norðan Kísilvegur (87), svæði 363-V skipulagsákvæði:

Núverandi ákvæði:

Hótél og ferðaþjónusta. Allt að tveggja hæða byggingar. uppbygging skv. deiliskiplagi.

Tillaga að breytingu:

Hótél og ferðaþjónusta. Allt að **þrjú** hæða byggingar. uppbygging skv. deiliskiplagi.

Skipulags og byggingarnefnd samþykkti á fundi sínum 4. febrúar 2013 að leggja til við sveitarstjórn að erindið yrði samþykkt og málsmeðferð yrði skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi verði samþykkt og að hún feli skipulags og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

3. Hótellóð í landi Grímsstaða. Tillaga að deiliskiplagi.

Erindi dags 6. febrúar 2014 frá Ólafi D. Torfasyni f.h. Flatskalla ehf. kt. 630413-0600, Sigtúni 38, 105 Reykjavík þar sem hann óskar eftir heimild til að láta vinna

deiliskipulag fyrir væntanlega hótélbyggingu á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem verslunar- og þjónustusvæði **363-V** í landi Grímsstaða. Fylgigögn með umsókn eru lóðarsamningur milli landeigenda og væntanlegra framkvæmdaaðila og deiliskipulagslýsing ódagsett frá Landmótun.

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilar umsækjanda að láta vinna deiliskipulag af því svæði sem hann sækir um. Nefndin bendir þó á að skv. gr. 2.5 í skipulagsreglugerð nr.90/2013 skulu þeir sem falin er gerð skipulagsáætlanu uppfylla ákveðnar hæfiskröfur:

4. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf. f.h. landeigenda. Erindið var áður á dagskrá skipulags- og umhverfisnefndar á 32. fundi hennar 7. október s.l. Innkomin ný gögn 30. október, tillaga að deiliskipulagi, uppdrættir í mkv. 1:2000 og 1:3000 ásamt greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd taldi að heppilegra hefði verið að færa þjónustumiðstöð fjær hverasvæðinu m.a. vegna hættu á að brennisteins- og hveragufur gætu valdið tjóni á mannvirkjum og heilsu starfsfólks.

Nefndin gerði ekki aðrar athugasemdir við tillöguna en fól skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Vakin var athygli á því að að samhliða deiliskipulagi verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er varða nýtt ákvæði um verslunar og þjónustusvæði við Hveri.

Tillaga að deiliskipulagi var kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna og feli skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana og breytingu á aðalskipulagi samhliða eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um þegar Skipulagsstofnun hefur lokið athugun sinni á breytingartillögu á aðalskipulagi.

5. Sel-Hótél Mývatni, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 30. október 2010 frá Rúnari D. Bjarnasyni hjá Mannviti hf. f. h. Sel-Hótél Mývatni þar sem sótt er um heimild til gerðar deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugaða deiliskipulag nær yfir landsvæði sem að mestu er í landi Skútustaða 2 en austurhluti þess er í eigu Skútustaða 3. Með umsókn fylgir tillöguuppdráttur með greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd heimilaði umsækjanda að gera tillögu að deiliskipulagi sem hún gerði ekki athugasemdir við og var tillagan kynnt á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. desember s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna og feli skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana og breytingu á aðalskipulagi samhliða eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um þegar Skipulagsstofnun hefur lokið athugun sinni á breytingartillögu á aðalskipulagi.

6. Aðalskipulag Norðurþings. Tillaga að breytingu.

Erindi dags 30 janúar 2014 frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings þar sem kynnt er fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna tilfærslu Hringvegar og nýrrar brúar á Jökulsá á Fjöllum. Leitað er umsagnar um breytingartillöguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi ná að sveitarfélagamörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna þar sem hún er í samræmi við ákvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er varða legur Hringvegar og nýja brú yfir Jökulsá á fjöllum.

7. Hitaveita Reykjahlíðar. Breytingar á gjaldskrá.

Erindi dags 6. febrúar 2014 frá sveitarstjóra Skútustaðahrepps þar sem lagðar eru fram tillögur að breytingum á gjaldkrám Hitaveitu Reykjahlíðar og Hitaveitur Reykjahlíðar í Birkilandi. Um er að ræða 5% hækkun frá fyrra ári.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar á gjaldskránum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

Sveitarstjóri vék af fundi undir lið 4.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Pétur Snæbjörnsson,
Friðrik K. Jakobsson.